

Dalvíkurbyggð
Ráðhúsi Dalvíkur
620 Dalvík

Reykjavík 1. mars 2019
UST201902-202/K.S.J.
10.04.03

Efni: Lýsing. Deiliskipulag - Fólkvangur í Böggvísstaðarfjalli við Dalvík

Vísað er til erindis sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Dalvíkurbyggðar er barst 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fólkvangsins Böggvísstaðarfjall. Í upphafi lýsingar kemur fram að innan fólkvangsins er skíðasvæði sveitarfélagsins, skógrækt og gott berjaland. Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir innan fólkvangsins eru háðar leyfi Dalvíkurbyggðar og Umhverfisstofnunar.

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að unnið er að deiliskipulagi Fólkvangsins Böggvísstaðarfjall.

Skógrækt

Í lýsingu kemur fram að skógrækt Sveins Ólafssonar og skógarreiturinn Bögg eru á um 5 ha svæði neðan við skíðaskálann í Brekkuseli. Einnig kemur fram að þar eru trjáplöntur og aðrar sjaldgæfar plöntur og að trjárækt hófst í reitnum árið 1962. Umhverfisstofnun bendir á að skv. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000 er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum sjá gr. 10 í reglugerðinni.

Skíðasvæði

Innan ofangreinds fólkvangs er skíðasvæði Dalvíkinga. Þar eru í dag tvær lyftur, hver fyrir ofan aðra. Umhverfisstofnun bendir á að í leyfi Umhverfisstofnunar fyrir tilfærslu á aðstöðuhúsi, grjóthreinsun og landbreytingum sem sótt var um að framkvæma innan skíðasvæðisins í fólkvanginum kemur skýrt fram að Umhverfisstofnun telur æskilegt að skíðasvæðið verði afmarkað með skýrum hætti. Einnig kemur fram að áætlað rask með framkvæmdunum telst ásættanlegt í ljósi þess að ekki er verið að leggja ný svæði undir skíðaiðkun. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að þetta komi fram til að sýna þá

áherslu stofnunarinnar að skíðasvæðið sé skýrt afmarkað og að tengdar framkvæmdir fari fram innan þess.


Framtíðaráform

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við deiliskipulagsvinnu sé þess gætt að framtíðaráform rýri ekki verndargildi svæðisins. Þá þarf að hafa í huga að þættir sem efla útivistarmöguleika svæðisins geta á sama tíma rýrt verndargildi, t.d. getur berjaland spillst við skógrækt eða aðra ræktun/framkvæmdir.

Umhverfisstofnun bendir á að í auglýsingu um fólkvang í Böggvistaðafjalli, Dalvíkurbyggð dags. 31.janúar 2011 koma fram markmið og skilyrði er felast í friðlýsingu svæðisins og þarf við gerð deiliskipulags að taka fullt tillit til þeirra.

Beðist er velvirðingar á að langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur